

Skólaráð

20.janúar 2022, kl. 8:10.

*Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, Bergrún Grímsdóttir, Margrét Ludwig, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Hrafnhildur Einarsdóttir, Styrmir Hugi Sigurðarson, Malla Rós Valgerðardóttir, Svanhildur Ástþórsdóttir og Elísabet Stefánsdóttir. Ágústa M. Jónsdóttir fjarverandi.
Sigrún Erla ritari*

1. Sigrún Bjarnadóttir (SB) fer yfir stöðuna í COVID. Mikið af nemendum og starfsfólki verið fjarverandi. Erum stöðugt að senda litla hópa í sóttkví, sumir eru að smitast í annað sinn. Verið mikil hólfaskipting. Verið minnst um smit á unglingsstigi. Fórum mjög þétt af stað um áramót og erum svo að léttu hægt og rólega á. Náð að halda út allri kennslu og mjög lítið um forföll. Starfsfólk verið mjög jákvætt og viljugt til að leggja aukalega á sig til að láta allt ganga upp.
2. Skóladagatal. SB sýnir drög að skóladagatali. Farið yfir skólabyrjun og skipulagsdaga. Þrjú sameiginlegir dagar í leik- og grunnskóla. Vetrarleyfi í október, mánudag og þriðjudag og svo í febrúar fimmtudag og föstudag. Dagatalið svo til eins og það hefur verið undanfarin ár. Næsta skref er að teikna dagatalið okkar upp út frá þessu. Frístundin er með tvo sameiginlega starfsdaga með okkur. Starfsmenn fara í námsferð til Finnlands næsta haust í kringum vetrarleyfi. Þurfum að óska eftir að færa til tvo skipulagsdaga til að geta farið í námsferðina.
3. Skólamenningarfundir. Sigrún Erla fer yfir helstu niðurstöður. Niðurstöður má sjá á heimasíðu skólans.
4. Önnur mál.
 - a. Líðan nemenda Rætt mikilvægi þess að huga að líðan barna og ungmenna núna eftir COVID.
 - b. Samráðsviðtöl verða rafræn í ár. Sumir ætla að vera með nemendastýrð viðtöl.